

Nd.

510. Frumvarp til laga

[263. mál]

um breyting á lögum nr. 52/1959, um kosningar til Alþingis.

Flm.: Ellert B. Schram, Jón Skaftason, Guðmundur H. Garðarsson,
Ólafur G. Einarsson.

1. gr.

122. gr. laganna orðist svo:

Til þess að finna, hverjir frambjóðendur þingflokks hafa hlotið uppbótarsæti sem aðalmenn, skal fara þannig að: Fyrst skal gera flokknum landskjörlista, þannig að rita skal á lista í stafrófsröð nöfn allra frambjóðenda flokksins, er eigi hafa náð kosningu í kjördæmum. Því næst skal skrá við nafn hvers frambjóðanda þann atkvæðafjölda, er sæti því, sem hann skipar á framboðslistanum að kosningu lokinni, þer samkvæmt 109. gr. Þá skal raða þeim frambjóðendum, sem eru á listanum, þannig, að sá, sem hæsta atkvæðatölu hefur, verði efstur, sá, sem næsthæsta atkvæðatölu hefur, verði næstur o. s. frv.

Þeir, sem nú standa efstir á landskjörlista hvers þingflokks, hafa náð kosningu sem landskjörnir þingmenn, svo margir af hverjum landskjörlista sem hlutaðeigandi þingflokkki hafa hlotnast uppbótarsæti.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar.

Greinargerð.

Nú í allmörg ár hefur verið vakin rækileg athygli á því, að óhjákvæmilegt sé að taka til endurskoðunar kjördæmaskipan og kosningalög til þess að leiðrétta það mikla misvægi sem orðið hefur á atkvæðisrétti kjósenda eftir því í hvaða landshluta þeir húa.

Þessar ábendingar og kröfur hafa komið fram bæði innan og utan þings. Meiri hluti kjósenda getur ekki og vill ekki lengur við það una, að atkvæði þeirra vegi fjórfalt eða jafnvel fimmfalt léttara en annarra, eingöngu vegna búsetu. Á það er minnt, að allar breytingar, sem gerðar hafa verið á kjördæmaskipan hér á landi, hafa verið til þess að halda sem mestu jafnvægi milli atkvæða annars vegar og fjölda þingmanna hins vegar. Þetta sjónarmið var meginröksemdin fyrir hinni róttæku breytingu sem gerð var á kjördæmaskipaninni hér 1959, sem við búum við enn þá.

Á þeim tíma, sem liðinn er frá þessari breytingu, hafa orðið geysimiklir búferlaflutningar og breytingar á íbúafjölda frá einu byggðarlagi til annars.

Það hefur áreiðanlega ekki verið vilji þeirra, sem að breytingunum stóðu 1959, að sú kjördæmaskipan, sem þá var ákveðin, yrði óbreytt um aldur og ævi eða í skjóli hennar yrði fjórfaldur munur á atkvæðamagni að baki þingmanna.

Núverandi kjördæmaskipan er að þessu leyti afskræming á lýðræðinu og misbýður réttlætiskennnd hins almenna kjósenda.

Allt frá árinu 1972 hefur setið að störfum þingkjörin stjórnarskrárnefnd. Í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar var lýst yfir því, að stjórnarskrá og kjördæmaskipan yrði tekin til endurskoðunar. Þrátt fyrir þetta hvort tveggja bólar ekki enn á neinum tillögum.

Ekki er þó hægt að halda því fram, að skort hafi á þrýsting eða áhuga. Miklar umræður hafa staðið yfir nær látlaust mörg undanfarin ár. Samtök ungra manna úr þrem stjórnmalaflokkum hafa lagt fram athyglisverðar tillögur. Margoft hafa verið lagðar fram á Alþingi tillögur til þingsályktana, sem hvatt hafa til aðgerða í málinu. Á fyrsta þingdegi yfirstandandi þings urðu umræður um málið, þar sem forsætisráðherra gaf yfirlýsingu um að stofnað yrði til viðræðna allra þingflokka til að fjalla um hugsanlega samstöðu um breytingar á kjördæmaskipan eða kosningalögum. Einhverjar umræður munu hafa farið fram, en allt hefur komið fyrir ekki.

Nú þegar skammt er eftir af þinghaldi þykir sýnt, að ekki verða samþykktar breytingar á stjórnarskrá að því er varðar kjördæmaskipan. Þetta veldur stuðningsmönnum þessa frumvarps miklum vonbrigðum. Við höfum því gripið til þess ráðs, sem nú virðist eitt mögulegt, að leggja fram frv. sem felur í sér breytingu á kosningalögum. Breytingin er fólgin í því, að horfið verði frá þeirri reglu að úthluta uppbotarsætum eftir hlutfalli og að heimilt verði að fleiri en einn frambjóðandi hvers flokks geti hlotið landskjör í sama kjördæmi.

Frumvarpið er ekki sú allsherjarlausn, sem flutningsmenn telja nauðsynlega. En það er spor í þá átt og dregur að nokkru leyti úr því hróplega ranglæti sem nú ríkir.

Með þessu frumvarpi vilja flutningsmenn gera úrslitatilraun nú á síðustu stundu til að fá Alþingi til að gegna þeirri frumskyldu sinni að leiðrétta kosningalög til samræmis við lýðræðislegar leikreglur og tryggja meiri hluta kjósenda þann atkvæðisrétt sem þeim ber.

Athugasemd við 1. gr.

Svo sem sjá má eru hér gerðar tvær breytingar á núgildandi ákvæðum 122. gr. Hlutfallstala við útreikning uppbotarsæta er felld brott, og í öðru lagi er heimilað að fleiri en einn frambjóðandi hvers flokks geti hlotið landskjör í sama kjördæminu.

Áhrif þessara breytinga, miðað við kosningaúrslitin 1974, má glögglega sjá á yfirliti því, sem Hagstofa Íslands hefur gert og fer hér á eftir. Breytingar þessar munu ekki hafa áhrif á þingmannatölu flokkanna í þingkosningunum, heldur

einungis á það hvaða frambjóðendur verða uppbótarþingmenn hvers flokks. Ef ákvæðið hefði verið í lögum 1974 hefðu uppbótarþingmenn orðið 8 í Reykjavík, en voru 4, og 3 í Reykjaneskjördæmi, eða jafnmargir og nú. Önnur kjördæmi hefðu ekki hlotið uppbótarþingmenn. Þetta getur og mun að sjálfsögðu breytast að einhverju leyti eftir næstu kosningar þar sem íbúafjöldi hefur enn breyst verulega á kjörtímabilinu.

Með þessari aðferð er unnt að draga mjög úr misvægi frá því sem það var 1974 milli hinna ýmsu kjördæma, að því er gildi atkvæðisins varðar, og fá út hlutfall, sem er almennt nálægt því að vera 1:2.5. Til glöggvunar er hér birt tafla miðað við kosningatölur 1974, ef farið hefði verið eftir þeirri reglu sem frv. þetta gerir ráð fyrir.

Kjósendafjöldi að baki hverjum þingmanni hefði þá orðið þessi:

Reykjanes	2 876
Reykjavík	2 653
Vesturland	1 567
Vestfirðir	1 119
Norðurland vestra	1 205
Norðurland eystra	2 235
Austurland	1 360
Suðurland	1 775